

Hvernig sæki ég um skrópvörn?

Síðast uppfært 26/06/2026 4:01 pm BST

Að setja upp skrópvörnina er góð leið til þess að auka líkur á því að viðskiptavinir virði tímann sinn og mæti eða afbóki með góðum fyrirvara.

! Það er einungis hægt að hafa eina kennitölu sem að skrópvarnir eru greiddar á. Ef stofa er með marga verktaka mælum við með því að hafa staðfestingargjöld í stað skrópgjalda. Þú getur [smellt hér](#) til þess að lesa meira um Noona Pay <3

Setja upp Skrópvörnina

Til þess að klára skrópvarnar umsóknina þína þarftu að fylla út eftirfarandi upplýsingar sem beðið er um í linknum hér fyrir neðan:


<https://www.inkasso.is/komdu-i-vidskipti/inkasso-noona/>

Þegar þú hefur opnað hlekkinn þarftu að skrolla aðeins niður til þess að setja inn upplýsingarnar (ekki ýta á 'komdu í viðskipti' sem þið sjáið efst í hægra horninu).

i Til þess að klára umsóknina þarf að skrá forsvarsmann með kennitölu og símanúmeri sem passa saman og eiga rafrænt skilríki. Þetta er í flestum tilfellum einfaldlega persónulegar upplýsingar eiganda stofunnar

Eftir 1-3 daga muntu síðan fá póst frá inkasso þar sem þú getur klárað rafrænu undirskriftina og þegar að það er komið verður skrópvörnin þín virk!

Svona lítur pósturinn út þar sem beðið er um rafræna undirskrift:



Þú smellir á "Skoða" og við þáð opnast síða þar sem símanúmerið hjá skráðum forsvarsmanni er sett inn:

Auðkenning fyrir undirritun

Þú þarft að auðkenna þig áður en þú getur skoðað undirritunarbeiðnina

Sími

AUÐKENNA

EDA

AUÐKENNA MEÐ AUÐKENNISAPPINU

Eftir auðkenninguna opnast þessi gluggi hér með nafni forsvarsmanns:

Góðan dag Rakel

Þú hefur fengið skjalið *Inkasso skilmálar* til undirritunar frá Inkasso ehf.

SKOĐA SKJAL

Skjalið lítur síðan svona út:

Hér er skjalið til undirritunar

Vinsamlegast lestu vel yfir skjalið og gættu þess að allar upplýsingar séu réttar.

SÍÐA 1 AF 2

+

-

inkasso

Samningur um innheimtupjónustu

Inkasso ehf., kt. 630413-0360

Heiti kröfuhafa (lögheiti fyrirtækis/félags/stofnunar)

Kennitala kröfuhafa

Lögheimili

Póstnúmer

Netfang

Símanúmer

Forsvarsmaður

Fullt nafn

Kennitala

Símanúmer

Netfang

Inkasso ehf. sér um að innheimta kröfur fyrir kröfuhafa samkvæmt gildandi skilmálum félagsins. Gildandi skilmálar eru hluti þessa samnings. Félagið áskilur sér rétt til að uppfæra skilmálana en gildandi skilmálar eru ávallt aðgengilegir kröfuhöfum í innheimtakerfi Inkasso.

Auðkenni sem innheimta á: **037**

Kröfuhafi veitir Inkasso fullt umboð til þess að annast alla kröfuumsýslu kröfuhafa í sameiginlegu innheimtakerfi banka og sparisjóða, í svonefndum kröfupotti Reiknistofu bankanna, í gegnum innheimtupjónustu Arion banka hf. Kröfuhafi veitir Inkasso fullt umboð til að hafa aðgang að, og sækja um ef þarf, tengingu við netbanka Arion banka hf. í gegnum notendanafn kröfuhafa, samning um rafræna birtingu skjala og B2B þjónustu Arion banka hf. Þetta er gert til þess að kröfumar birtist í nafni kröfuhafa í netbönkum, á greiðsluseðlum og þess háttar.

☐ Ég hef lesið og samþykki

Þegar þú hefur lesið yfir skjalið smellirú á "Ég hef lesið og samþykki"

Þegar að skrópvörnin hefur verið virk munu viðskiptavinir framvegis sjálfkrafa þurfa að setja inn kennitöluna sína við bókun og haka í reit þar sem notkun skrópgjalda er samþykkt.

Þá er það ekki fleira í bili. Ekki hika við að hafa samband við okkur í gegnum bláu spjallbúbbbluna ef eitthverjar spurningar vakna [?](#)
